

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2017

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagt er til að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengis verði aflagt og smásala verði að ákveðnu marki frjálts..

Samtökin hafa áður lýst þeirri skoðun sinni að einokun ríkisins á smásöluverslun með áfengi eigi ekki að vera hluti af lögbundinni starfsemi ríkisins og að kröftum hins opinbera sé betur varið í önnur verkefni en verslunarrekstur. Sögulega hefur afnám takmarkana á verslunarfrelsi oft orðið tilefni deilna milli þeirra sem leggja til breytingar og þeirra sem vilja standa vörð um óbreytt kerfi. Engin dæmi eru þó um það afnám takmarkana hafi gengið til baka.

Samtökin leggja áherslu á að hlutverk ríkisins er ekki að reka verslanir eða aðra atvinnustarfsemi heldur að setja reglur um hvaða skilyrði aðilar þurfi að uppfylla sem það vilja gera. Þá er eðlilegt að ríkið setji reglur um hvernig eftirliti skuli háttað og hvaða viðurlögum sé rétt að beita ef misbrestir verða. Einnig móti ríkið stefnu um fræðslu, forvarnir og meðferðarúrræði. Samtökin leyfa sér að benda á að lítið fari fyrir pólitískri ábyrgð á starfsemi ÁTVR í núverandi fyrirkomulagi en vandséð er hvernig fjölgun útsölastaða, lengdur opnunartími og markaðstarf þess fyrirtækis samræmist þeim lýðheilsusjónarmiðum sem andstæðingar frumvarpsins tala fyrir.

Samtökin hvetja til þess að aðilar sammælist um að núverandi fyrirkomulag ríkiseinokunar sé óheppilegt og sjónum sé beint að því að móta regluverk um fyrirkomulag sölu, lýðheilsusjónarmið og hvernig meðferðarúrræðum skuli háttað.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Borghildur Halldórsdóttir*